

**Nr. 19-137 S 081 Frændi ÍS skemmtibátur****Strandar í Aðalvík**

Skipaskr.nr. 7217  
Útgerð: Smári Sveinsson  
Smíðaður: Bátasmiðja Guðmundar, 1990, trefjaplast.  
Stærð: 5,90 brl. 4,96 bt.  
Mesta lengd: 7,98 m Skráð lengd: 7,88 m  
Breidd: 2,58 m Dýpt: 1,53 m  
Vél: Volvo Penta, 148 kw, 1993.  
Fjöldi skipverja: 0



Frændi©NN

**Gögn:**

Lögregluskýrsla  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 17. apríl 2020 af Geirbrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 9. september 2019 var skemmtibáturinn Frændi mannláus við legufæri í Aðalvík á Hornströndum. Veður kl.08:00: NA 10 m/s og í hviðum 18 m/s við Straumnesvita.

Þegar að var komið lá báturinn í sandfjöru og þá orðinn fullur af sjó og þara. Óskað var eftir aðstoð við að draga bátinn af strandstað og komu björgunarbáturinn Kobbí Láka og björgunarskipið Gísli Jóns frá Ísafirði á staðinn. Sjó var dælt úr bátnum og honum komið á flot. Hann var síðan dreginn til Ísafjarðar og tekinn þar á land.



Báturinn á strandstað.

***Við rannsókn kom fram:***

- að báturinn dró legufærið með sér upp í fjöru;
- að þegar skipverjar voru búnir að binda bátinn við legufærið var það prófað með því að bakka vel í það;
- að báturinn var búinn að liggja við legufærið í tvo daga;
- að suðlægar vindáttir höfðu ríkt en um nóttina breyttist vindáttin í norðaustan átt með meiri sjógangi og krappri báru;
- að ekki kom gat á skrokk bátsins við strandið en í ljós kom gat á flotkassa að aftan þegar báturinn var tekinn á þurrt.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.